

Fréttapistill frá forseta Íslands

8. mars 2020

Jæja, nú stöndum við saman. Nú þurfa allir að standa sig. Við verðum öll að kynna okkur leiðbeiningar og tilmæli landlæknis og heilbrigðisyfirvalda vegna kórónuveirunnar sem veldur sjúkdómnum COVID-19; þær upplýsingar má meðal annars sjá hér: www.landlaeknir.is. Þvoutum okkur vel um hendur, forðumst um stundarsakir að heilast með handabandi eða faðmlagi. Saman getum við líka varið þá sem eru veikir fyrir, eldri borgara og fólk í sérstökum áhættuhópum. Allir, sem fá einkenni veirusýkingarinnar eða telja sig nokkuð víska í þeim efnum, þurfa að hafa samband við heilbrigðisyfirvöld og hlýða svo fyrirmælum. Hægt er að hringja í 1700 en jafnframt má senda skilaboð og spjalla á netinu; þá er slóðin www.heilsuvera.is.

Óski fólk aðeins upplýsinga eða vilji ræða hvernig því líður – sem er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt – er sími Rauða krossins, 1717, öllum opinn allan sólarhringinn og þar er líka netspjall í boði, www.1717.is.

Framvarðasveit okkar í sóttvarnamálum hefur staðið sig vel og heilbrigðisstarfsfólk sömuleiðis. Áfram er verk að vinna og því er svo brýnt að við fylgjum góðum ráðum, séum yfirveguð og staðföst. Stefnum öll að því að vera hluti lausnarinnar frekar en vandans. Stilling skiptir þar sköpum.

Um leið og við stuðlum saman að því að áhrif veirunnar verði sem minnst skulum við halda áfram með okkar daglega líf eftir bestu getu. Vel má vera að gripið verði til frekari aðgerða á næstunni til að hemja útbreiðslu veirunnar en ætíð varðar mestu að við sýnum í verki að við látum ekki óttann ná tökum á okkur.

Hér fylgir því reglubundinn vikupistill. Hann er þó í styttra lagi. Meginhluta nýliðinnar viku vörðum við Eliza í Póllandi. Opinber heimsókn þangað leiddi okkur til Varsjár og Gdańsk og vísa ég til síðustu færslna hér og heimasíðu forsetaembættisins, www.forseti.is, um frekari fregnir af för okkar.

Í nýliðinni viku var auglýst eftir tilnefningum til Íslensku menntaverðlaunanna sem nú hafa verið endurvakin. Þeim er ætlað að hvetja frábæra kennara til enn frekari dáða og lofa framúrskarandi skólustarf og þróunarverkefni á þeim vettvangi. Gerður Kristný skáld er formaður nefndar um verðlaunin og allar nánari upplýsingar má sjá hér: <http://skolathroun.is/tilnefning-til-islensku.../>.

Á föstudaginn var tókum við Eliza á móti forystusveit Food and Fun á Íslandi og erlendum gestum þeirra. Gaman var að sjá og heyra hversu mikill orðstír Íslands er orðinn á sviði veitinga og matreiðslu.

Í gær fagnaði lið Fram bikarmeistararitli í handknattleik kvenna og Eyjamenn unnu sigur í karlaflokki. Ég óska sigurvegurunum og stuðningsfólki þeirra hjartanlega til hamingju með glæsilegan árangur.

Að neðan er mynd frá viðburði dagsins, ávarpi á aðalfundi Samtakanna '78 í Norræna húsinu í Reykjavík. Þar sýndum við Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður samtakanna, hvernig hægt er að heilsast án snertingar þessa dagana.

Ég ítreka góðar óskir til framvarðasveitar okkar í baráttunni við kóruneveiruna, góðar óskir til alls heilbrigðisstarfsfólks og annarra sem standa í ströngu í glímunni við þennan vanda, okkur öllum til heilla. Já, kær landsmenn, núna erum við öll í sama liði.